

Alþingi - Nefndasvið
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. febrúar 2015
Tilvisun: 2015010122/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Þingskjal 273 - 244. mál

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til þingsályktunar þannig að: *Alþingi álykti að eftirfarandi breyting verði á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, þannig að liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færist í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).*

Orkustofnun vekur athygli á að við undirbúningsvinnu að áætlun um vernd og orkunýtingu sat orkumálastjóri í verkefnisstjórn annars áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007. Hann var einnig formaður faghóps IV. Einnig hafa starfsmenn Orkustofnunar komið að starfi rammaáætlunar með margvíslegum hætti. Orkustofnun er því aðili máls og sér í framhaldi af því ekki ástæðu til að tjá sig um megin efnisþætti framangreindrar þingsályktunartillögu, sem Orkustofnun hefur kynnt sér, að öðru leyti en því að tillagan er í samræmi við faglegar niðurstöður verkefnisstjórnarinnar og upphaflega þingsályktunartillögu. Þar var þremur virkjunarkostum í vatnsafla á Suðurlandi, þ.e. nr. 31 Urriðafossvirkjun, nr. 29 Hvammsvirkjun og nr. 30 Holtavirkjun, öllum í Þjórsá, raðað í orkunýtingarflokk, enda var um að ræða virkjunarkosti sem voru meðal þeirra hagkvæmustu og best rannsökuðu. Þessir kostir voru hinsvegar fluttir úr orkunýtingarflokki í biðflokk í meðförum Alþingis, árið 2013, án þess að faglegum forsendum sem lágu til grundvallar mati faghópa væri hnekk.

Með því að flytja umædda virkjunarkosti í Þjórsá úr nýtingarflokki í biðflokk, var, að mati Orkustofnunar, markmiðum um sjálfbæra uppbyggingu raforkuframleiðslunnar stefnt í hættu. Þrýstingur á hraðari nýtingu jarðvarmans mundi aukast, án þessara vatnsaflsvirkjunarkosta. Þar með yrði það tæknilega og efnahagslega öryggi og sú hagkvæmni, sem fæst með því að virkja samhliða jarðhita og vatnsafl ekki fyrir hendi. Orka í sífelldri endurnýjun sem ekki er beisluð í vatnsföllum er glötuð meðan orku í jarðvarmalindum má að einhverju marki líta á sem forða sem bíður nýtingar. Með umræddri þingsályktunartillögu, ef samþykkt verður, yrði komið til móts við þessi sjónarmið.

Orkustofnun bendir á, að áður en tillaga til þingsályktunar er lögð fram á Alþingi, skal fara fram umhverfismat á tillögunni í samræmi við lög nr. 105/2006, *um umhverfismat áætlana*, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, en *ekki* umhverfismat samkvæmt lögum um *mat á umhverfisáhrifum*, nr. 106/2000, eins og ranglega virðist hafa verið gerð krafa um við meðferð Alþingis. Svo virðist sem veigamestu rökin fyrir flutningi virkjunarkostsins úr nýtingarflokki í biðflokk hafi verið þau, að rannsaka þyrfti betur áhrif virkjananna á laxfiska í Þjórsá. Slík umhverfisskoðun kemur þó fyrst til álita við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, sbr. 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í framhaldi af slíkri skoðun eru skilyrði umhverfismarkmiða sett, bæði við málsmeðferð virkjunarleyfis, sbr. 3. mgr. 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003, og framkvæmdaleyfa, m.a. varðandi mótvægisáðgerðir og hönnun virkjana. Þar eru um að ræða

VE

Sgu. P

málsástæður á framkvæmdastigi sem koma síðar til álita í ferlinu en við samþykkt rammaáætlunar um flokkun virkjunarkosta.

Orkustofnun gerir, í ljósi ofanritaðs, ekki athugasemdir við fram komna þingsályktunartillögu.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra



Kristinn Einarsson